



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

ÚTHLUTUNARREGLUR

UPPBYGGINGARSJÓÐS SUÐURLANDS 2020 – 2024

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, 1. september 2023

UM SJÓÐINN

Uppbyggingarsjóður Suðurlands er samkeppnissjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að [sóknaráætlun Suðurlands](#) og stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar, auka samkeppnishæfni landshlutans og stuðla að sjálbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum. Sjóðnum er skipt í tvo flokka; **Menning og Atvinnuþróun og nýsköpun**. Umsjón og ábyrgð Uppbyggingarsjóðsins er hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Stjórn SASS fer með hlutverk úthlutunarnefndar samkvæmt samningi um sóknaráætlun Suðurlands. Við mat á umsóknum skipar stjórn í tvö fagráð, eitt fyrir menningu og annað fyrir atvinnuþróun og nýsköpun. Fagráðin fara yfir umsóknir og skila tillögum til stjórnar.

ALMENNAR REGLUR OG VIÐMIÐANIR

1. Við mat á umsóknum er tekið mið af þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn og meðfylgjandi gögnum. Umsókn skal útfyllt og skilað með rafrænum hætti skv. leiðbeiningum á vef SASS. SASS áskilur sér rétt til að hafna umsókn ef hún telst ekki útfyllt á fullnægjandi hátt skv. leiðbeiningum eða ekki talin falla að markmiðum sjóðsins, og er hún þá ekki tekin til efnislegrar meðferðar. SASS áskilur sér rétt til að skilgreina hvort umsókn teljist sem menningar- eða atvinnuþróunar og nýsköpunarverkefni.
2. Þeir sem geta sótt um styrk eru lögráða einstaklingar og aðrir lögaðilar með lögheimili á Suðurlandi. Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum er sækja um styrk.
3. Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra en opinberlega er birtur listi yfir styrkþega, heiti verkefna og styrkupphæðir.
4. Umsækjandi skal hafa skilað áfanga- og/eða lokaskýrslu vegna fyrri styrkveitinga áður en sótt er um styrk til framhaldsverkefnis eða styrks til nýrra verkefna.
5. Verktími eða sá hluti verkefnis sem styrktur er skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Sé um að ræða langtímaverkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og óska einungis eftir styrk fyrir þeim hluta sem áætlað er að ljúka innan 12 mánaða.
6. Verkefni sem hlýtur styrk úr fyrri úthlutun sjóðsins á árinu skal vera lokið fyrir 1. maí árið eftir, með frestun að hámarki til 1. nóvember. Verkefni sem hlýtur styrk úr síðari úthlutun sjóðsins á árinu skal vera lokið fyrir 1. desember árið eftir, með frestun að hámarki til 1. júní árið þar á eftir. Verkefnum sem er ólokið innan 12 mánaða eða eftir 1. maí og 1. desember, eftir því sem við á, eru felld niður nema ósk um frest hafi borist fyrir þann tíma.
7. Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega að 6 vikum liðnum frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin niður.
8. Styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna og skv. samningi. Forsenda útgreiðslna er að innsend áfanga- eða lokaskýrsla hafi verið samþykkt (sjá nánar leiðbeiningar og reglur um skil á áfanga- og lokaskýrslum á vef SASS). Lokagreiðsla skal ekki vera lægri en 250.000 krónur eða ekki undir 25% af heildar upphæð styrkveitingarinnar sé hún lægri en 1.000.000 króna.
9. Þegar úthlutun hefur verið kunngjörð er um að ræða endanlega niðurstöðu. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum.
10. Með umsókn í Uppbyggingarsjóð staðfestir umsækjandi, með vísan til reglugerðar ESB nr. 1407/2013 um minniháttaraðstoð (de minimis aid), að opinber stuðningur vegna verkefnisins fer ekki yfir 200.000 Evrur samanlagt, að meðtöldum þeim stuðningi sem hér er sótt um, á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári.
11. Sé verkefni ekki styrkt að fullu skal verkáætlun endurskoðuð í samráði við SASS. Breyting á verkáætlun getur falist í að vinna einungis hluta verkefnis, hluta verkefnis sem SASS ákveður að styrkja eða gera breytingar á verkþáttum eða fjármögnun til samræmis við upphæð styrkveitingarinnar og markmið verkefnisins.

STYRKHÆFUR KOSTNAÐUR

Einstök styrkveiting úr sjóðnum getur að hámarki verið 2,5 milljónir króna. Sérhvert verkefni, eða tengd verkefni, getur að hámarki hlotið styrk í þrjú skipti eða að hámarki 6 milljónir króna, á þriggja ára tímabili. Umsókn um hærri upphæð en 2,5 milljónir króna telst ekki fullnægjandi samkvæmt úthlutunarreglum og er því vísað frá án efnislegrar meðferðar. Eftirfarandi leiðbeiningar fjalla um styrkhæfan kostnað;

LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Aðeins verður tekinn til greina sá tími sem unnin er í verkefninu. Við mat á vinnuframlagi skal reikna hverja vinnustund á krónur 5.700. Tímaskýrslur skulu haldnar og eru forsenda útgreiðslu.

FERÐA- OG FUNDAKOSTNAÐUR

Gerð skal grein fyrir öllum ferðum með yfirliti, bæði utanlands og innanlands, hver sé tilgangur ferðanna og áætlun um ferðakostnað.

ANNAR STYRKHÆFUR KOSTNAÐUR

Lýsa þarf í umsókn hvers konar aðföng eru nauðsynleg fyrir verkefnið. Heimilt er að kaupa sérhæfðan búnað til vörupróunar sem nauðsynlegur er fyrir framgang verkefnisins. Einnig er heimilt er að greiða fyrir stofnkostnað vegna menningarverkefna.

AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Í umsókn skal lýsa aðkeyptri þjónustu og af hverjum þjónustan verður keypt. Gera á grein fyrir hvað felst í hinni aðkeyptri þjónustu eða ráðgjöf, hvað þjónustan mun kosta og hver sé hinn skilgreindi afrakstur.

TEKJUR

Ef verkefnið skapar tekjur á verkefnatíma skal gera grein fyrir þeim í áætlun. Þessar tekjur geta til dæmis verið aðgangseyrir á viðburðum, vörusala ofl.

EFTIRFARANDI TELST EKKI TIL STYRKHÆFS KOSTNAÐAR:

1. Fjárfesting í eignarhlutum í fyrirtækjum, kostnaður við deiliskipulagsvinnu, kaup eða endurbætur á framleiðslutækjum, lóðum eða húsnæði. Almennur rekstrarkostnaður, s.s. hiti, rafmagn og leigukostnaður til lengri tíma. Leyfisgjöld og vottanir.
2. Kostnaður sem fallið hefur til vegna verkefnisins **áður** en umsókn var send til SASS.
3. Skráning menningarminja, skiltagerð, starfssemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir eða almennar samkomur (sbr. tónleika eða sýningar án skilgreindrar sérstöðu), almennt safnaðarstarf eða hefðbundið menningarstarf innan skóla. Útgáfa hverskonar, s.s. á rituðu efni, tónlist, myndefni eða töluðu- eða leiknu máli.

MARKMIÐ STYRKVEITINGA:

- Að styðja atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni
- Að styðja nýsköpun og verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs

ÁHERSLUR STYRKVEITINGA:

- Nýsköpun meðal starfandi fyrirtækja og markaðssókn fyrir vörur og þjónustu inn á nýja markaði
- Nýsköpun í orkunýtingu og matvælaframleiðslu og þróunarverkefni á sviði skapandi greina og hátækni
- Verkefni sem fela í sér eða styðja við nýsköpunarstarf ungs fólks
- Verkefni sem stuðla að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum
- Verkefni er lúta að sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði
- Rannsóknir og samstarfsverkefni sem tengjast markmiðum sjóðsins

MATSPÆTTIR

Í matsferli umsókna er stuðst við eftirfarandi viðmiðunarþætti. Vægi viðmiðunarþátta eru á skalanum 1 til 10. Einkunnir eru gefnar við hvern viðmiðunarþátt og eru þær einnig á skalanum 1 til 10. Einkunn hvers þátta er margfölduð með vægi viðmiðunarþátta og samanlögð niðurstaða er heildareinkunn hvers verkefnis.

1. Fellur vel að markmiðum og áherslum (vægi 8)
2. Atvinnusköpun til lengri tíma og á heilsárs grundvelli á Suðurlandi (vægi 10)
3. Mikil nýsköpun og/eða nýnæmi á Suðurlandi (vægi 8)
4. Forsendur og útfærsla raunhæf – þekking og reynsla til staðar (vægi 10)
5. Styrkveiting hefur mikil áhrif á framgang verkefnis (vægi 8)

Verkefni (umsóknir) geta uppfyllt eina eða fleiri áherslur sjóðsins. Skilyrði er að öll verkefni uppfylli að lágmarki markmið sjóðsins í hverjum flokki.

Hversu vel verkefni eru talin uppfylla markmið og áherslur sjóðsins eru hluti af mati fagraðs við sérhverja úthlutun.

MARKMIÐ STYRKVEITINGA:

- Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

ÁHERSLUR STYRKVEITINGA

- Viðburðir og samstarfsverkefni á sviði fjölmenningar
- Verkefni sem styðja við rými til listsköpunar íbúa og þróunarverkefni meðal safna, setra og sýninga
- Verkefni sem hvetja til samstarf á milli tveggja eða fleiri aðila, innan og utan Suðurlands, milli listgreina og uppsetningar viðburða á fleiri en einum stað
- Verkefni sem fela í sér eða styðja við listsköpun og menningarstarf ungs fólks
- Listasmiðjur og listkennsla fyrir börn og ungmenni
- Menningarverkefni sem styðja við aukna umhverfisvitund, sjálfbærni og/eða byggja á menningararfi suðurlands

MATSPÆTTIR

Í matsferli umsókna er stuðst við eftirfarandi viðmiðunarþætti. Vægi viðmiðunarþátta eru á skalanum 1 til 10. Einkunnir eru gefnar við hvern viðmiðunarþátt og eru þær einnig á skalanum 1 til 10. Einkunn hvers þátta er margfölduð með vægi viðmiðunarþátta og samanlögð niðurstaða er heildareinkunn hvers verkefnis.

1. Fellur vel að markmiðum og áherslum (vægi 8)
2. Hefur jákvæð áhrif á samfélag, mannlíf og menningu á Suðurlandi (vægi 10)
3. Felur í sér nýtt verkefni, frumsköpun eða fjölbreytni í menningarlífi á Suðurlandi (vægi 10)
4. Forsendur og útfærsla raunhæf – þekking og reynsla til staðar (vægi 8)
5. Styrkveiting hefur mikil áhrif á framgang verkefnis (vægi 10)

Verkefni (umsóknir) geta uppfyllt eina eða fleiri áherslur sjóðsins. Skilyrði er að öll verkefni uppfylli að lágmarki markmið sjóðsins í hverjum flokki. Hversu vel verkefni eru talin uppfylla markmið og áherslur sjóðsins eru hluti af mati fagraðs við sérhverja úthlutun.

SKÝRINGAR VIÐ MATSPÆTTI – ATVINNUÞRÓUN OG NÝSKÖPUN

	Lægsta stig	Miðstig	Hæsta stig
1. Fellur vel að markmiðum og áherslum (vægi 8)	Ekki er ljóst hvernig verkefnið fellur að markmiðum og áherslum sjóðsins. Rökstuðningi ábótavant.	Verkefnið fellur að markmiðum og áherslum sjóðsins. Rökstuðningur ágætur.	Verkefnið fellur mjög vel að markmiðum og áherslum sjóðsins. Rökstuðningur mjög góður.
2. Atvinnusköpun til lengri tíma og á heilsárs grundvelli á Suðurlandi (vægi 10)	Ekki er ljóst hvernig verkefnið skapar atvinnu á Suðurlandi. Líkur eru á að nokkrum afleiddum áhrifum.	Líkur á atvinnusköpun til lengri tíma. Verkefnið skapar amk. tímabundin störf. Afleidd áhrif verkefnis mikil.	Verkefnið er mjög líklegt til að leiða af sér atvinnusköpun til lengri tíma og á heilsárs - grundvelli á Suðurlandi.
3. Mikil nýsköpun og/eða nýnæmi á Suðurlandi (vægi 8)	Lítill sem engin nýsköpun eða mjög takmörkuð.	Nýsköpunargildi nokkurt eða töluverð svæðisbundin nýsköpun.	Mikil nýsköpun. Verkefnið felur í sér þróun á áður óþekktri tækni eða aðferðum/vörum eða þjónustu.
4. Forsendur og útfærsla raunhæf – þekking og reynsla til staðar (vægi 10)	Útfærsla gefur ekki fyrirheit um að verkefnið nái tilætluðum árangri, s.s. lýsing á verkefni, forsendum eða afurð ófullnægjandi eða kostnaðaráætlun óraunhæf eða mjög takmörkuð. / Ekki er ljóst að aðilar hafi þekkingu og/eða reynslu til að vinna verkefnið.	Útfærsla gefur fyrirheit um að verkefnið geti skilað tilætluðum árangri. Nokkrar takmarkanir eru þó á verkefnislýsingu, forsendum eða kostnaðaráætlun. Afurð verkefnisins kemur fram. / Þekking og reynsla mætti vera betur rökstudd í samhengi við verkefnið.	Útfærsla gefur góð fyrirheit um að verkefnið muni skila tilætluðum árangri. Lýsing á verkefni er greinargóð og kostnaðaráætlun vel sundurliðuð og raunhæf. Rökstuðningur mjög góður og afurð verkefnisins ljós. / Mikil þekking og reynsla til staðar sem mun nýtast verkefninu vel.
5. Styrkveiting hefur mikil áhrif á framgang verkefnis (vægi 8)	Unnt er að vinna verkefnið án styrkveitingar að hluta eða heild eða þörf á fjármagni óljós á þessum tímamarki. / Aðrar fjármögnunarleiðir eiga betur við á þessu stigi eða almennt fyrir þetta verkefni.	Styrkveiting er verkefninu mikilvæg. Nokkrar líkur geta verið á að hægt sé að hefja verkefnið eða vinna hluta þess án styrkveitingar. / Aðrar fjármögnunarleiðir geta átt við á þessu stigi eða komið til greina fyrir verkefnið.	Líklegt er að ekki verði af verkefninu eða það geti ekki hafist án styrkveitingar. / Aðrar fjármögnunarleiðir eru ekki talðar líklegar á þessu stigi eða almennt mögulegar fyrir verkefnið.

	Lægsta stig	Miðstig	Hæsta stig
1. Fellur vel að markmiðum og áherslum (vægi 8)	Ekki er ljóst hvernig verkefnið fellur að markmiðum og áherslum sjóðsins. Rökstuðningi ábótavant.	Verkefnið fellur að markmiðum og áherslum sjóðsins. Rökstuðningur ágætur.	Verkefnið fellur mjög vel að markmiðum og áherslum sjóðsins. Rökstuðningur mjög góður.
2. Hefur jákvæð áhrif á samfélag, mannlíf og menningu á Suðurlandi (vægi 10)	Ekki er ljóst hvernig verkefnið hefur jákvæð áhrif á samfélag, menningu og mannlíf á Suðurlandi og/eða óljós svæðisbundin áhrif.	Líkur eru á að verkefnið hafi nokkuð jákvæð áhrif á samfélag, mannlíf og menningu á Suðurlandi og/eða þónokkur svæðisbundin áhrif.	Verkefnið hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, mannlíf og menningu á Suðurlandi og/eða mjög mikil svæðisbundin áhrif.
3. Felur í sér nýtt verkefni, frumsköpun eða fjölbreytni í menningarlífi á Suðurlandi	Ekki er um að ræða nýtt verkefni eða frumsköpun. / Áhrif á fjölbreytileika menningarlífs á Suðurlandi óljós eða mjög takmörkuð.	Verkefnið getur verið nýtt eða falið í sér frumsköpun að hluta. / Verkefnið eykur að nokkru leyti fjölbreytileika menningarlífs á Suðurlandi eða svæðisbundið.	Um er að ræða nýtt verkefni sem mótast alfarið af frumsköpun. / Verkefnið eykur mjög á fjölbreytileika menningarlífs á Suðurlandi og einskorðast ekki endilega við tiltekið svæði.
4. Forsendur og útfærsla raunhæf – þekking og reynsla til staðar (vægi 8)	Útfærsla gefur ekki fyrirheit um að verkefnið nái tilætluðum árangri, s.s. lýsing á verkefni, forsendum eða afurð ófullnægjandi eða kostnaðaráætlun óraunhæf eða mjög takmörkuð. / Ekki er ljóst að aðilar hafi þekkingu og/eða reynslu til að vinna verkefnið.	Útfærsla gefur fyrirheit um að verkefnið geti skilað tilætluðum árangri. Nokkrar takmarkanir eru þó á verkefnislýsingu, forsendum eða kostnaðaráætlun. Afurð verkefnisins kemur fram. / Þekking og reynsla mætti vera betur rökstudd í samhengi við verkefnið.	Útfærsla gefur góð fyrirheit um að verkefnið muni skila tilætluðum árangri. Lýsing á verkefni er greinargóð og kostnaðaráætlun vel sundurliðuð og raunhæf. Rökstuðningur mjög góður og afurð verkefnisins ljós. / Mikil þekking og reynsla til staðar sem mun nýtast verkefninu vel.
5. Styrkveiting hefur mikil áhrif á framgang verkefnis (vægi 10)	Unnt er að vinna verkefnið án styrkveitingar að hluta eða heild eða þörf á fjármagni óljós á þessum tímapunkti. / Aðrar fjármögnunarleiðir eiga betur við á þessu stigi eða almennt fyrir þetta verkefni.	Styrkveiting er verkefninu mikilvæg. Nokkrar líkur geta verið á að hægt sé að hefja verkefnið eða vinna hluta þess án styrkveitingar. / Aðrar fjármögnunarleiðir geta átt við á þessu stigi eða komið til greina fyrir verkefnið.	Líklegt er að ekki verði af verkefninu eða það geti ekki hafist án styrkveitingar. / Aðrar fjármögnunarleiðir eru ekki taldar líklegar á þessu stigi eða almennt mögulegar fyrir verkefnið.